

SAMÞYKKT

**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar,
nr. 320 18. júlí 1979.**

1. gr.

Í stað „kl. 02.30“ í 5. málsg. 47. gr., sbr. samþykkt nr. 724 13. október 1983, komi:
kl. 03.00.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt samkvæmt
lögum nr. 1 3. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og
birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. maí 1986.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 249

2. maí 1986

AUGLÝSING

**um bann við innflutningi matvæla frá Sovétríkjunum, Póllandi,
Búlgaríu, Rúmeníu, Ungverjalandi og Tékkóslóvakíu.**

1. gr.

Frá og með deginum í dag og þar til annað verður ákveðið er allur innflutningur á
matvælum, hverju nafni sem þau nefnast, bannaður frá Sovétríkjunum, Póllandi, Búlgaríu,
Rúmeníu, Ungverjalandi og Tékkóslóvakíu.

Heimilt er þó Hollustuvernd ríkisins að höfðu samráði við Geislavarnir ríkisins að leyfa
innflutning á tilteknum matvælasendingum samkvæmt sérstökum umsóknum hverju sinni,
enda þyki sannað að neysla þeirra geti ekki skaðað heilbrigði. Hollustuvernd ríkisins ber að
sjá svo um að innflytjendur auglýsi slíkar undanþágur sérstaklega.

2. gr.

Auglýsingin er birt samkv. 6. gr. laga nr. 24/1936, um tilbúning og dreifingu matvæla og
annarra neyslu- og nauðsynjavara.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. maí 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.